

Tilkynning til embættis sérstaks saksóknara um meint brot á 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, og 117. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Fjármálaeftirlitið vísaði þann 19. maí 2009 máli til embættis sérstaks saksóknara, sbr. 1. gr. laga nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara, vegna gruns um meint brot á 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki vegna gruns um refsiverða háttsemi stjórnenda fjármálafyrirtækis og meint tengd brot á 117. gr. laga um verðbréfavíðskipti, vegna kaupa einkahlutafélags á skráðum hlutabréfum í fjármálafyrirtæki sem áttu sér stað í byrjun október 2008. Tímasetning víðskiptanna og óeðlilegar lánveitingar vegna víðskiptanna vöktu grunsemdir.

19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, fjallar um góða víðskiptahætti og að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða víðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. 117. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, fjallar um markaðsmisnotkun.

Með vísan til nefndra lagaákvæða og atvika málsins ákvað Fjármálaeftirlitið að vísa bæri málinu til sérstaks saksóknara.